

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 393/1994.

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)

gegn

Magnúsi Karlssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.) **og**

Erni Karlssyni

(Örn Clausen hrl.)

Fjársvik. Vátrygging. Tilraun. Ákæra. Þjófnaður. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærðu áfrýjuðu héraðsdómi í heild sinni til Hæstaréttar, og var þá af hálfu ákærvalds einnig áfrýjað með stefnu 8. mars 1994 til þyngingar á refsingu.

Í hinum áfrýjaða dómi er getið leiðréttinga, er gerðar voru af hálfu ákærvalds á fjölda þeirra tækja, sem talin eru upp í ákæru. Þar sem samanlagt verðmæti hluta þessara var rétt tilgreint í ákæru 839.000 krónur og vörn ekki áfátt vegna þessa, verður það ekki lát-ið koma að sök, að ekki var gefin út framhaldsákæra samkvæmt 118. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Með þessari athugasemd verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Ákærðu skulu greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Magnús Karlsson greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 40.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Ákærði Örn Karlsson greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 40.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Annan áfrýjunarkostnað málsins greiði ákærðu sameiginlega, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. febrúar 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 17. febrúar, er lagður svohljóðandi dómur á saka málið nr. 167/1992: Ákærvaldið gegn Magnúsi Karlssyni og Erni Karlssyni, í Héraðsdómi Reykjavíkur. Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta er höfðað af hálfu ákærvaldsins með ákæru, út gefinni 3. nóvember 1992 og birtri 4. janúar 1993, á hendur Magnúsi Karlssyni markaðsstjóra, Grettisgötu 90, Reykjavík, fæddum 14. ágúst 1953, fæðingarnúmer 461, og Erni Karlssyni verslunarmanni, Kleppsvegi 126, Reykjavík, fæddum 7. september 1955, fæðingarnúmer 237, fyrir að hafa í sameiningu undirbúið váttryggingarsvik ákærða Magnúsar í þágu Bláfells-Heimalands hf. með því, að ákærði Örn tók að sér fyrir ákærða Magnús að fara að kvöldi sunnudags 1. desember 1991 inn í verslunina Bláfell, Faxafeni 12 hér í borg, fjarlægja þaðan að minnsta kosti þrjú litsjónvarpstæki, þrjú myndbandstæki, hljómtækjasamstæðu, geislaspilara, bíltæki og tvo hátalara og koma þeim í geymslu í íbúð frænda síns hér í borg, og ákærði Magnús að hafa að morgni næsta dags tilkynnt lögreglu og látið tilkynna Váttryggingafélagi Íslands hf. um þjófnað úr versluninni á fimm litsjónvarpstækjum, tveimur myndbandstækjum, tveimur hljómtækjasamstæðum, myndbandsafspilara, geislaspilara, bíltæki og tveimur hátölurum, samtals að útsöluverði 839.000 kr., í þeim tilgangi að fá greiddar bætur fyrir tækin á grundvelli innbrotstryggingar verslunarinnar hjá tryggingafélaginu, en lögregla fann að kvöldi þriðjudagsins 3. desember 1991 hluta af „þýfinu“ í bifreið, sem báðir ákærðu voru í á leið til Keflavíkur, og önnur tæki, sem tilkynnt höfðu verið stolin, fundust á geymslustað.

Telst brot ákærða Magnúsar varða við 248. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og brot ákærða Arnar við sömu lagaákvæði, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar fyrir framangreint brot.

Undir rekstri málsins hefur komið fram af hálfu ákærvaldsins leiðréttning á fjölda tækja, sem Magnús er talinn hafa tilkynnt um. Samkvæmt henni var tilkynnt um sex litsjónvarpstæki, sjö myndbandstæki, tvo myndbandsafspilara, tvo geislaspilara, tvö bíltæki, tvær hljómtækjasamstæður og tvo hátalara, samtals 23 tæki.

Með ákæru, út gefinni 4. maí sl. og birtri 6. s. m., var Örn enn ákærður, aðallega fyrir þjófnað, en til vara fyrir hylmingu, með því að stela í þrjú

skipti í Reykjavík, svo sem rakið verður, eftirgreindum hlutum, sem fundust í vörslum ákærða, án þess að hann gæti gefið á því viðhlítandi skýringar:

I.

Í mars 1991 myndsendi í íbúð við Tómasarhaga 42, en þýfið fannst á heimili ákærða við húsleit 10. apríl 1992.

II.

Um mánaðamótin júní/júlí 1992 rafsúðuvél í geymslu við Kleppsveg 152, en vélin fannst í vörslum ákærða í byrjun ágúst sama ár.

III.

Aðfaranótt föstudags 18. desember 1992 myndsendi og ljósritunarvél, brotist inn í húsnæði fyrirtækisins Sjófangs hf., Hólmaslóð 2, og tekið þessa hluti, en ljósritunarvélin fannst í vörslum ákærða 21. janúar 1993.

Telst þetta aðallega varða við 244. gr., en til vara við 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1949.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Málið var dómtekið 6. maí 1993 og dæmt 15. júlí s. á. Dóminum var áfrýjað, dómurinn og málsmeðferðin ómerkt frá og með málf lutningi og málinu heimvísað með dómi Hæstaréttar 14. janúar sl. Samkvæmt þessari niðurstöðu hefur málið verið endurupptekið og endurflutt. Verjendur krefjast sýknu og að málskostnaður verði lagður á ríkissjóð. Verjandi Arnar hefur lýst þeirri skoðun til vara, að skilorðsbinda eigi refsingu hans. Af hálfu ákæruvalds er unað við niðurstöðu dómsins frá 15. júlí 1993.

I. I. *Hvarf tækja úr versluninni Bláfelli I. desember 1991.*

Sunnudagskvöldið 1. desember 1991 kom ákærði Örn til aðseturs Bláfells-Heimalands hf., að eigin sögn á milli kl. 18.30 og 19.30, opnaði útidyr með lykli og tók úr búðinni litsjónvarpstæki, myndbandstæki, hljómtækjasamstæðu, geislaspílara, bíltæki og hátalara og flutti þessa muni að Flyðrugranda 18 í geymslu. Næsta þriðjudag fóru ákærðu saman í geymsluna og báru sjónvarpstæki og hljómf lutningstækjasamstæðu út í bíl ákærða Magnúsar. Óku þeir síðan áleiðis suður með sjó, en voru handteknir í Hafnarfirði og færðir í hald í Reykjavík. Þar voru þeir yfirheyrðir af rannsóknarlögreglu. Samkvæmt framburði Arnar hafði Magnús beðið hann að taka tækin fyrir sig, en þeim þyrfti að koma í verð. Ákærðu hefðu farið saman seinni part dags 1. desember og Magnús bent á tækin, sem ætti að taka; Magnús myndi síðan selja tækin. Örn kvaðst hafa farið aftur á staðinn fljótlega eftir kl. 19.00 með lykil frá Magnúsi og gert það, sem hann var beðinn um.

Saga Magnúsar er á þá leið, að um það bil þremur vikum fyrir handtök-

una hafi hann rætt um það við Örn, að sig vantaði fé í fyrirtækið. Örn hafi þá sagt, að það besta, sem fyrir gæti komið, væri, að einhver brytist inn og tjónið yrði bætt af tryggingarfé. Ákærði Magnús kom í verslunina um nífuleytið á mánudagsmorgun, en ekki var vandi hans að koma svo snemma til vinnu. Þar var þá fyrir utan dyra einn af starfsmönnum fyrirtækisins, sem hafði ekki lykil og beið þess að verða hleypt inn. Þeir fóru saman inn. Magnús sagði við lögregluþyrirheyrslu, að þegar hann sá verksummerki, hefði sig grunað, að Örn hefði verið að verki. Hann tilkynnti lögregluþyrirvöldum strax um atburðinn og tók saman lista yfir horfna muni til afnota fyrir váttryggingafélag fyrirtækisins. Magnús kveðst hafa hringt í Örn um ellefuleytið á mánudagsmorguninn og hitt hann síðan síðdegis sama dag. Örn hefði ekkert gefið út á, hvort hann hefði farið inn í verslunina, en sagst vita um þýfið. Aðspurður kvað Magnús Örn ekki hafa haft lykil, sér vitanlega. Magnús kannaðist við að hafa komið í verslunina um kl. 17.00 á sunnudeginum ásamt Erni, en þá hefði verslunarstjórinn verið þar fyrir.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi breytti Örn framburði sínum og nefndi til sögu Ágúst nokkurn Fylkisson, sem hefur starfað lengi fyrir Örn við pylsusölu, sem hann rekur, og við vélaviðgerðir, Jóhönnu Svansdóttur, sambýliskonu Ágústs, og Snorra Snorrason, sem var framkvæmdastjóri Bláfells hf. Ágúst var dæmdur í 20 mánaða fangelsi hér fyrir dómi ásamt Erni og fleirum 28. júní sl. fyrir umboðssvik, þjófnað, fjársvik og skjalafals. Örn kveðst hafa farið með skuldabréf, út gefin af Jóhönnu, til Magnúsar og óskað eftir greiðslu fyrir þau. Magnús hefði bent sér á að tala við Snorra, sem tók við bréfunum og seldi þau í Búnaðarbankanum. Það hefði verið fastmælum bundið, að skuldabréfin yrðu greidd með tækjum. Þegar kom að skuldadögum, segist Örn hafa kafið Snorra efnda, en hann vísað á tækin, sem hann mætti taka, og boðið honum að sækja þau á sunnudeginum. Örn kveðst hafa farið á staðinn og átt von á að hitta Snorra þar fyrir, en ekki orðið var við hann; hann hefði opnað með lykli, sem hann hefði fengið hjá Snorra, og tekið tækin. Hann kveðst hafa lesið um innbrot í Bláfell á mánudegi og farið til Snorra og spurt, hverju sætti. Snorri hafi sagt, að ákærða kæmi þetta mál ekki við, hann hefði fengið sína greiðslu. Hann hefði hins vegar lofað að staðfesta eignarrétt hans, ef hann yrði í vandræðum með að selja tækin. Hann kveðst hafa gefið ranga skýrslu hjá lögreglu til að hlífa Snorra. Þegar fangavist þeirra Magnúsar lauk, kveður hann hafa komið í ljós, að Magnús vissi ekkert um samkomulag þeirra Snorra.

Framburður Magnúsar fyrir dóminum er í aðalatriðum á þá leið, að þeir Örn hafi verið kunnugir og átt saman viðskipti. Hann segir marn nokkurn í Keflavík hafa haft samband við sig, þar sem hann var á ferð í bifreið sinni

með Erni, og hermt upp á sig loforð um útvegum á sjónvarpstæki og fleiru á góðu verði. Þeir hafi síðan verið á leið suður í Keflavík með tækin, þegar þeir voru handteknir. Hann hafi ætlað að selja tækin á um 30.000 kr. í stað 40–50.000 kr. útsöluverðs, af því að þau væru ekki heiðarlega fengin.

Magnús staðfestir söguna um skuldabréfin. Hann segir Ágúst og Örn hafa komið til sín og boðið bréfin til kaups, en hann vísað þeim til Snorra. Þegar ákærðu losnuðu úr fangelsinu, kveður Magnús Örn hafa sagt sér, að hann hefði tekið tækin vegna bréfanna. Hann segist hafa látið Snorra fá lista yfir horfna muni, en segir listanum hafa verið breytt og hann hreinritaður og sendur félaginu í því formi.

Ákærði Magnús fór strax í áfengismeðferð og var í henni fram til 17. janúar 1992. Hann segist hafa verið reglusamur síðan. Þegar hann kom aftur, kveður hann Snorra hafa verið búinn að selja bréfin að sér fornspurðum. Hann áréttaði síðar í yfirheyrslunni, að bréfin hefðu verið seld 28. nóvember. Hann segist ekki muna betur en Snorri hafi verið í búðinni, þegar ákærðu komu þar saman seinni part sunnudagsins 1. desember. Aðspurður um, hvort þetta hafi verið mál milli Arnar og Snorra sem greiðsla upp í bréfin og hvort það, sem gert var, hefði ekkert verið í samráði við ákærða Magnús, svaraði hann: „Ég kom aldrei nálægt þessum hlutum. . . Það var Snorri.“

Snorri og Magnús virðast hafa verið aðalhluthafar, en auk þeirra unnu þrír starfsmenn hjá félaginu. Tveir þeirra hafa borið vitnið fyrir dóminum. Vitnið Anton Narvaez skýrði lögreglu svo frá við yfirheyrslu 4. desember 1991, að hann vissi, hver Örn væri, en hefði ekkert séð hann síðastliðna 6–8 mánuði. Fyrir dóminum skýrði verslunarstjórinn svo frá, að hann hefði komið á starfsstöð fyrirtækisins síðari hluta sunnudagsins 1. desember og að ákærðu hefðu komið þar, meðan hann stóð við. Hann kvaðst ekki hafa séð Snorra þar á þeim tíma.

Snorri segist hafa verið við vinnu á sunnudeginum og kveður Magnús hafa komið þar. Hann hafi virst órólegur og alltaf verið að spyrja, hvort vitnið yrði þar lengi. Bifreið Snorra var framan við verslunina á sunnudagskvöldið, en þá voru starfsmenn allir í afmælisveislu í Kópavogi.

Verslunarstjórinn gaf skýrslu að nýju fyrir lögreglu 22. september 1992. Sagðist hann þá hafa verið að vinna á skrifstofu fyrirtækisins milli kl. 17 og 18 sunnudaginn 1. desember og ákærðu þá birst og Magnús brugðist þannig við, að skapaðist vandræðalegt augnablik. Ákærðu hefðu staðið við í um 5 mínútur, og virtist skrifstofustjóranum enginn tilgangur vera með komu þeirra í verslunina.

Sölumaðurinn segist hafa komið til vinnu rétt fyrir kl. 9 á mánudags-

morgun. Hann segir Magnús hafa rennt upp að afgreiðsludyrnum og virt fyrir sér búðina, lagt af stað aftur frá versluninni, en séð þá til sölustjórans og lagt bifreiðinni í staði og opnað verslunina. Þegar þeir komu inn, segir vitnið, að Magnús hafi sagt strax, áður en búíð var að kveikja ljós í versluninni, að búíð væri að brjótast inn.

Starfsmaður tryggingafélagsins, sem segist hafa komið í verslunina þriðjudaginn 3. desember, segir, að Magnús hafi sagt við sig eitthvað í þá átt, að nú væri komið að því að greiða tryggingabæturnar. Snorri, sem var vitni að þessu atviki, segir, að Magnús hafi spurt, hvort það væri ekki hlutverk tryggingafélagsins að bæta slíkt tjón.

Lögð hafa verið fram tvö skuldabréf, að fjárhæð samtals 887.859 kr., út gefin af Stefáni Sverrissyni 24. nóvember 1991 og 26. s. m., með sjálfskuldarábyrgð Aðalsteins Oddgeirssonar og Jóhönnu Svansdóttur auk ábyrgðar seljanda, Snorra Snorrasonar, f. h. Bláfells/Heimlands hf., og listi, sem Magnús samdi og lagður var til grundvallar tilkynningu til váttryggingafélagsins. Þar eru talin 23 tæki, metin á 839.060 kr. Örn segist hafa tekið 11 – 12 tæki úr búðinni, og fundust 11 tæki í bílnum og á felustaðnum. Magnús bendir á, að listanum hafi verið breytt, eftir að hann lét hann frá sér. Virðist sem tækjafjöldinn hafi aðeins verið 19, áður en skrifað var ofan í upphaflegar tölur.

Ekki þykir ástæða til að trúa fremur þeirri sögu, sem ákærði Örn sagði fyrir dómnum, en þeirri, sem hann hafði áður sagt lögreglu. Ekki þykir það útiloka váttryggingasvik, þótt jafnframt hafi verið ætlunin, að skuldir hlutafélagsins greiddust með tækjunum, sem Örn tók, og þykir sagan um skuldabréfin geta verið sönn að því leyti. Þegar tekið er mið af óumþrættum og óvefengjanlegum staðreyndum málsins og ályktanir dregnar af því, sem fram hefur komið í málinu, einkum í framburði ákærðu og vitnanna, þykir mega leggja til grundvallar þá niðurstöðu, að ákærðu hafi skömmu fyrir brottnáam tækjanna rætt um það úrræði til lausnar fjárhagsvanda hlutafélagsins, að brotist yrði inn í fyrirtækið, söluvörur í eigu þess teknar og váttryggingafélag fyrirtækisins síðan krafði um bæt看. Í framhaldi af þessu hafi ákærðu farið saman í fyrirtækið síðari hluta sunnudagsins 1. desember 1991, og að kvöldi þess sama dags hafi ákærði Örn farið einn í fyrirtækið, meðan allir starfsmenn þess voru fjarverandi í samkvæmi, og tekið þaðan tæki, eins og nánar greinir í ákæru. Ákærði Magnús hafi síðan gert sér sérstakt erindi í fyrirtækið snemma á mánudagsmorgun, tilkynnt lögreglu um innbrot gegn betri vitund og samið lista um horfna muni, þar sem fleira var talið en horfið hafði. Þessi listi hafi síðan verið lagður til grundvallar bótakröfu á hendur váttryggingafélaginu, ákærði Magnús sótt fast eftir bótum gegn betri vit-

und, þegar fulltrúi váttryggjanda kom á vettvang, og ákærðu í sameiningu hafist handa um að koma hinum brottteknu tækjum í verð og auka með því fé fyrirtækisins og/eða grynna á skuldum þess. Samkvæmt þessu þykir verða að fallast á, að ákærðu hafi gerst sekir um það athæfi, sem þeir eru sakaðir um af hálfu ákæruvalds og réttilega er fært til refsíákvæða í ákæru, út gefinni 3. nóvember 1992.

II. 1. *Hvarf myndsendis frá Tómasarhaga 42.*

Föstudaginn 29. mars 1991 tilkynnti Þórir Jensen lögreglu um innbrot í íbúð að Tómasarhaga 42, þar sem hann hafðist við um þær mundir, og hvarf myndsímtækis í sinni eigu þaðan auk fleiri muna. Kvað hann íbúðina hafa verið mannlaua frá 24. mars til 28. s. m. og taldi innbrot hafa verið framið á þeim tíma. Myndsímtækið fannst við húsleit heima hjá ákærða 9. apríl 1993. Sagðist ákærði hafa fengið það sem greiðslu á brennivínsskuld Þóris við sig og tekið við því úr höndum hans að Tómasarhaga 42, sennilega eitt-hvað fyrr en 29. mars 1991. Hér fyrir dómi hefur ákærði greint nánar svo frá, að hann hafi stundað bar, þar sem Þórir var fastagestur, og að með þeim hafi orðið vinskapur. Ákærði fór að lána Þóri eina og eina flösku, og var hann seinast farinn að skulda töluvert og gat ekki greitt. Ákærði bauðst þá að taka faxtækið upp í skuldina, og féllst Þórir á það. Aðspurður sagði ákærði Þóri alltaf hafa verið drukkinn á þessu tímabili.

Þórir segir, að litið hafi verið eftir íbúðinni, á meðan hann var ekki á landinu, og þá allt reynst í lagi. Hann kveðst hafa kynnst ákærða nokkrum mánuðum fyrir innbrotið og stuðlað að því, að hann fengi ráð á veitingarekstri. Ákærði hafi keypt vínbirgðir fyrir staðinn, sem honum nýttust ekki til sölu; vitnið hafi enga ábyrgð borið á því. Þórir segist ekki minnst þess að hafa fengið áfengi hjá ákærða; það sé ómögulegt, að ákærði hafi lánað sér áfengi, svo að nokkru næmi, þótt hann hafi verið í óreglu á þeim tíma, sem vinskapur þeirra varaði. Kveðst hann þó ekki geta fullyrt, að hann hafi ekki fengið bjórkippu eða sambærilegt magn af öðru áfengi hjá ákærða, en hafi svo verið, hafi ekki verið um að ræða háar fjárhæðir. Myndsímtækið hafi verið það tæki, sem hann mátti síst missa vegna starfa síns. Hann synjar fyrir að hafa látið það af hendi við ákærða.

Ákærði hefur ekki skotið viðhlítandi stöðum undir þá sögu sína, að vitnið hafi afhent sér tækið til eignar, og þegar þess er gætt, að tilkynnt var um þjófnað á tækinu um það leyti, sem ætla verður, að það hafi horfið úr umráðum eiganda þess, og að ekkert hefur komið fram í málinu, sem gerir frásögn vitnisins tortryggilega, en þýfið fannst við þjófaleit hjá ákærða, sem var að eigin sögn kunnugur á innbrotsstaðnum og fékk tækið þar, þykir

annað ekki verða lagt til grundvallar en ákærði hafi sjálfur stolið tækinu og orðið þannig brotlegur við 244. gr. alm. hegningarlaga.

II. II. *Hvarf rafsúðuvélar frá Kleppsvegi 152.*

Hinn 21. júlí 1992 kærði Gunnar Lúdvíksson þjófnað á rafsúðuvél. Hinn 4. ágúst s. á. barst lögreglu til eyrna, að ákærði Örn hefði tekið að sér að koma þýfi í verð fyrir Ágúst Fylkisson. Lögregla yfirheyrði Ágúst þennan dag út af stuldi á rafsúðuvél, og leiddi það til þess, að talað var við ákærða út af því máli. Ákærði vísaði á rafsúðuvél í geymslu, sem hann hafði á leigu í Hafnarfirði. Reyndist hún vera sú hin sama og hafði horfið frá Kleppsvegi 152, og var hún afhent réttum eiganda. Örn sagðist ekkert vita, hver hefði borið vélina þangað. Ágúst hefði lykil að geymslunni, og auðvelt hefði verið að komast inn án lykils. Ágúst synjaði fyrir að hafa stolið vélinni. Hér fyrir dómi sagði ákærði bæði Ágúst og vin hans hafa haft aðgang að geymslunni, sem hafi verið meira og minna opin. Vélsmiðja Hafnarfjarðar, sem á húsnæðið, hefði haft þarna muni í geymslu og lykil. Ágúst segist ekki hafa haft lykil að geymslunni, en getað fengið hann hjá ákærða, og hafi þar verið dót frá vélsmiðjunni.

Ekki þykir efamál, að rafsúðuvélinni hafi verið stolið, eins og að ofan greinir. Þegar þess er gætt, að hún fannst í vörslum ákærða, sem átti heima í næsta nágrenni við innbrotsstaðinn, þykir annað ekki verða lagt til grundvallar en ákærði hafi sjálfur stolið tækinu og orðið þannig brotlegur við 244. gr. alm. hegningarlaga.

II. III. *Hvarf myndsendis og ljósritunarvélar úr húsnæði Sjófangs hf.*

Hinn 18. desember sl. var tilkynnt um innbrot í húsnæði Sjófangs að Hólmaslóð 2 hér í borg. Stolið hafði verið myndsendi og ljósritunarvél. Ákærði setti síðar ljósritunarvélina í viðgerð, en þar fann framkvæmdastjóri Sjófangs hana og tilkynnti lögreglu 21. janúar sl. Ákærði gaf lögreglu þá skýringu 26. s. m., að maður, sem hann vildi ekki nafngreina, hefði látið sig fá vélina upp í skuld um þremur vikum fyrr og fullvissað sig um, að hún væri ekki „heit“. Til faxtækisins hefur ekki annað spurst en það, að maður nokkur leitaði upplýsinga hjá Umfangi hf. um, hvernig hann gæti skipt um nafn á sams konar tæki. Honum var sagt að koma með tækið, svo að hægt væri að sýna honum, hvernig þetta væri gert. Starfsmaður Umfangs skráði hjá sér lýsingu á manninum og bifreið hans. Komst lögreglan að því, hver var eigandi bílsins, en rakti það mál ekki frekar. Ákærði hefur ítrekað framburð sinn um ljósritunarvélina fyrir dómnum, en segist ekkert vita um myndsenditækið.

Framburður ákærða um hvarf ljósritunarvélar þykir ekki trúverðugur. Ekki þykir ástæða til að efast um, að henni hafi verið stolið. Þykir þá annað

ekki verða lagt til grundvallar en ákærði hafi sjálfur stolið tækinu og orðið þannig brotlegur við 244. gr. alm. hegningarlaga. Af hálfu ákærvaldsins hefur ekki verið gerð viðhlítandi grein fyrir þessum þætti málsins, að því er varðar myndsendinn, og verður ákærði þá ekki dæmdur fyrir stuld á honum.

Ákærði Örn var dæmdur í sjö mánaða fangelsi, þar af fjögurra mánaða skilorðsbundið í þrjú ár, hér fyrir dómi 28. júní sl. fyrir að falsa og selja skuldabréf í september sl. og brjótast inn og stela peningum, myndbands-tæki, myndavél, útvarpsmagnara og sambyggðu útvarps- og segulbandstæki 8. mars 1992 ásamt öðrum. Áður hafði hann tíu sinnum sætt refsingu, þar af átta sinnum síðustu fimm árin. Þar á meðal hlaut hann sektarrefsingu fyrir tékkamisferli árið 1991 og þriggja mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir þjófnað og hylmingu 1. október sl. Brot þau, sem fjallað er um í máli þessu, eru framin fyrir uppkvaðningu dómsins frá 28. júní sl. Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga ber nú að taka upp skilorðshluta þess dóms og dæma ákærða í einu lagi fyrir brot, sem ákært er fyrir í báðum málum, með hliðsjón af 78. gr. s. 1. Ekkert hefur komið fram, eftir að dómur var kveðinn upp 15. júlí sl., sem gefur tilefni til annarrar niðurstöðu en þeirrar, sem þá varð, og þykir refsing ákærða samkvæmt því og með tilliti til 77. gr. alm. hegningarlaga svo og til sakaferils ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Ákærði Magnús hefur þrisvar gengist undir sekt fyrir brot á umferðarlögum, 1979, 1990 og 1992, í júní. Að öðru leyti hefur hann ekki sætt refsingum, svo að kunnugt sé. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi, en rétt þykir að fresta fullnustu þriggja mánaða af þeirri refsingu og að hún falli niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins 15. júlí 1993, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærðu greiði kostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði. Rétt þykir, að kostnaður, sem leiðir af heimvísun málsins, verði greiddur úr ríkissjóði.

Samkvæmt 1. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991 skal auk staðsetningar og dagsetningar dóms, heitis dómstóls, nafns dómara og deila á aðilum greina í dómi sakarefni, lýsingu málsatvika í aðalatriðum og röksemdir dómara um niðurstöðu og viðurlög. Um meginatriði þessa máls hefur verið ýtarlegar fjallað en þessi fyrirmæli gera ráð fyrir, en þau þykir bera að skilja svo, að heimilt sé að haga dómasamningu nokkuð eftir eðli máls.

D ó m s o r ð:

Ákærði Örn Karlsson sæti átta mánaða fangelsi og greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 70.000 kr., og

tvo þriðju hluta annars sakarkostnaðar, áfallins 15. júlí 1993, þar með talin saksóknarlaun.

Ákærði Magnús Karlsson sæti sex mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða þeirrar refsingar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá 15. júlí 1993, enda haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 og greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 70.000 kr., og þriðjung annars sakarkostnaðar, áfallins 15. júlí 1993, þar með talin saksóknarlaun. Málsvarnarlaun Arnar Clausen hrl., 15.000 kr., og málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hrl., 15.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Saksóknarlaun ákveðast 50.000 kr.

Sýknað er af refsikröfu vegna hvarfs myndsendis í eigu Sjófangs hf.
